

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
5. fundur þriðjudaginn 5. febrúar 2019 kl. 9
Nefndasvið Alþingis

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH), Ástríður Jóhannesdóttir (JÁ) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sátu fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG).
Fundarritari: Laufey Helga Guðmundsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar.

BH skýrir frá einni athugasemd sem hún hafði. LHG uppfærir fundargerð.

2. Kosningar og fatlað fólk.

a. Landssamtökin Þroskahjálp.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdarstjóri Þroskahjálpar og Friðrik Sigurðsson, verkefnastjóri Þroskahjálpar, kynntu sjónarmið félagsins fyrir starfshópnum og afhentu minnisblað til starfshópsins og samantekt ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Árni og Friðrik leggja áherslu á að samningur Sp hafi verið fullgiltur af hálfu Íslands 2016 og sé í innleiðingu. Nokkuð mörg ákvæði samningsins hafa þýðingu hér. Í kynningu Þroskahjálpar kom m.a. fram:

- Allar rannsóknir sýna að þessi hópur tekur minni þátt í kosningum en aðrir hópar. Framkvæmdin er til þess fallin að fólk með tiltekna fötlun getur ekki nýtt þessi réttindi sín. Þessi hópur þarf á því að halda að geta nýtt pólitísk réttindi sín.
- Mikilvægt sé að setja heildarlöggjöf um allar kosningar þar sem sérstaklega verði skoðað að allir hópar njóti sambærilegra réttinda og aðrir.
- Bráðnauðsynlegt að líta til þess að ákveðinn mismunur er á heimildum fatlaðs fólks til að fá aðstoð til að kjósa. Kjörstjórn veitir stuðning eða aðstoðarmaður að eigin vali ef hönd er ónothæf eða sakir sjónleysis. Í þessu felst að einstaklingar sem falla utan þessa tveggja fötlunarástæðna fá ekki aðstoð; t.d. einhverfir einstaklingar eða fólk með þroskahömlun. Þetta er mismunur á grundvelli fötlunar og er ekki í samræmi við samning Sp um réttindi fatlaðs fólks. Augljóst að það þarf að laga þetta.
- Það er viðamikil stúss að fá aðstoð við að kjósa. Það fæli fólk frá því að kjósa að lenda í umstangi í kjördeild og tefja aðra kjósendur.
- Nauðsynlegt að útbúa auðskiljanlegt efni um kosningar. Stjórnvöldum ber að nálgast borgarana með efni sem er sniðin að þörfum fólks samkvæmt samningi Sp. Það getur gagnast fleirum en eingöngu þeim sem eru með fötlun, t.d. öldruðum.

- Lagabreytingin 2012 var gerð í hasti vegna uppákomu á kjörstað. Þá reyndi Þroskahjálpi að fá „vegna fötlunar“ inn í ákvæðið í stað hönd ónothæf eða sakir sjónleysis.
- Árni og Friðrik benda á að þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrár hafi verið flókinn og erfið fyrir fatlað fólk (ein spurning var 32 orð). Listakosning með listabókstaf er einföld og þægileg. Ef þjóðaratkvæðagreiðslur verða tíðari í framtíðinni þarf að huga að hópi fatlaðs fólks.
- Hafa ekki skoðað fyrirmyndir að fyrirkomulagi sem gæti hentað hér á landi. Annars staðar á Norðurlöndum virðist gert ráð fyrir aðstoð að eigin vali með margvíslegum hætti.
- Telja að einkennismerki/lógó framboðslista í stað listabókstafa gæti auðveldað kosningar fyrir fatlað fólk.
- Ekki má takmarka gerhæfi fólks. Það þarf að finna jafnvægi milli þess að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun einhverra og réttar fatlaðs fólks til að nýta réttindi sín. Margir aðrir hópar einnig útsettir fyrir misnotkun. Sumir hafa tvö atkvæði (með aðstoðarmann) eða sumir hafa ekki neitt atkvæði. Þetta eru valkostirnir sem menn verða að veita og meta án þess að ganga á rétt fólks til að taka þátt í kosningum. Samtökin hafa skilning á því að leynilegar kosningar séu grundvallaratriði en það þarf að huga að jafnvægi.
- Finna þarf lipra framkvæmd en það er aldrei hægt að eyða öllu stússi. Fatlað fólk hefur lýst þessu sem niðurlægjandi reynslu að kjósa á kjördag vegna umstangsins. Ekki má aðgreina fatlað fólk frá öðrum kjósendum á kjörstað. Það að fara á kjörstað er félagsleg athöfn en fólk með einhverfu getur átt í erfiðleikum með að mæta á slíka staði. Ein hugmynd er að ganga frá aðstoð fyrir fram og síðan getur viðkomandi komið og kosið eins og aðrir á kjördag. Þannig geti kosningaathöfn á kjördag farið fram með eðlilegum hætti.
- Benda á í fyrsta lagi að samkvæmt samningi Sp er aðildarríkjum skylt að laga kerfin að fötluðu fólki. Þarna er mikilvægt að þekking á réttindum fatlaðs fólks sé hjá kjörstjórum. Í öðru lagi er bann við mismunun grunnþáttur í samningnum. Í þriðja lagi er það gerhæfisreglan; aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að fatlað fólk fái þann stuðning sem það þarf þegar það nýtir gerhæfi sitt.

BH bendir á að síðan fyrri vinnuhópur lauk störfum hefur samningur Sp verið fullgiltur og innan starfshópsins sé fullur vilji til þess að skoða málið ofan í kjölinn og gera tillögur að umbótum.

Óskað eftir að Þroskahjálpi aðstoði við tillögu að einföldun á framkvæmd þegar veitt er aðstoð við kosningu og veiti upplýsingar um hvað það er við kjörgögn sem sé flókið og hvar þörf sé á auðskiljanlegu efni. Vegna aðstoðar við fatlað fólk væri gott að fá upplýsingar um hvort samtökin telja að það eigi að vera í boði að fá aðstoð frá opinberum aðila á staðnum. Bent á að eitt af skilyrðunum í dag er að kjósendinn þarf að lýsa því sjálfur fyrir kjörstjórn að hann vilji að aðstoðarmaður aðstoði sig. Augljóst

að breyta þurfi þessu en þarf að meta hvernig tryggt verði að vilji kjóсандans komi fram. Ekki vilji til staðar að beina fötluðu fólki á sérstaka kjörstaði eða kjördeildir. Fulltrúar Þroskahjálpar munu koma þessum upplýsingum á framfæri við starfshópinn. Munu óska eftir aðstoð frá systursamtökum sínum erlendis til að afla upplýsinga um kosningaframkvæmd og hugsanlega vankanta sem hægt yrði að forðast hér á landi.

b. Öryrkjabandalag Íslands.

Forföll voru af hálfu fulltrúa ÖBÍ. Ákveðið að bjóða þeim að koma aftur á fund starfshópsins eða senda inn skriflegar athugasemdir.

c. Umræður.

MKH kynnir samantekt um ákvæði um aðstoð við kjósendur á Norðurlöndunum. Einnig rætt um hollensk og bresk kosningalög að þessu leyti en þar tíðkast umboðsmannakerfi. Þá er hægt að tilnefna annan kjósenda til að kjósa fyrir sig t.d. ef maður er staddur erlendis eða vegna fötlunar, veikinda og þess háttar. Hver umboðsmaður má kjósa þrisvar, þ.e. fyrir sjálfan sig og tvo aðra. Umboðsmannakerfið er bundið við nána ættingja eða venslamenn. MKH bendir á vefinn www.legislationline.org, þar sem finna má upplýsingar um kosningalöggjöf annarra landa.

Atkvæðagreiðsla á sjúkrahúsi og fangelsi og atkvæðagreiðsla í heimahúsi hefur verið gagnrýnd fyrir að fara fram bara einu sinni. Kannski getur atkvæðagreiðsla utan kjörfundar leyst einhver þessara vandamála.

Ótvírætt að finna þarf lausn á þessum vandamálum. Ákveðið að ÞV og LHG útibúi tillögu, þar sem markmiðið er auðvelda fötluðu fólki að nýta kosningarétt sinn, sem hægt er að bera undir Þroskahjálpar. Ákveðið að undirbúa dýpri samantekt um kosningalöggjöf, m.a. norræna, lögskýringargögn, reglugerðir o.fl. til að kanna betur framkvæmd. Í því sambandi hægt að huga að þremur þessara athafna; greiðir atkvæðið á stofnun, heimahúsi eða á kjörfundi. Aðrar norrænar þjóðir hafa greinilega gengið langt í að auðvelda fötluðum að kjósa. Kannski gæti ein leið verið að menn kjósi utankjörfundar eða á kjörfundi, það gæti t.d. auðveldað einhverfum að kjósa utankjörfundar.

3. Yfirferð innkominna athugasemda.

Alls bárust 17 umsagnir í samráðsferlinu sem hófst í desember sl. og lauk 22. janúar 2019. Umsagnaraðilar voru Andrés Ingi Jónsson, Gunnar Ásgrímsson, Sigurður Hansson, Hringur Úlfarsson og Eiríkur Smith, Rangárþing eystra, Dalvíkurbyggð, Seltjarnarnesbær, Gunnar Torfi Benediktsson, Haukur Arnþórsson, Þorkell Helgason, RÚV, Landssamtökin Þroskahjálpar, Guðmundur Ásgeirsson, Bolungarvíkurkaupstaður, utanríkisráðuneytið, Dalabyggð og Persónuvernd. Ein umsögn er ókomin frá Hagstofu Íslands.

Í umsögnum kemur fram almenn ánægja með tillögur fyrri vinnuhóps 2016 og tekið jákvætt í heildarlöggjöf um allar kosningar. Ákveðið að bjóða Persónuvernd á næsta fund starfshópsins. Áhugaverð athugasemd kom frá Dalabyggð um að lengja framboðsfrest sveitarstjórnarkosninga. Ljóst að mismunandi framboðsfrestir valda ruglingi í framkvæmd og starfshópurinn ætti að skoða vel að samræma framboðsfresti fyrir allar kosningar. Í umsögn utanríkisráðuneytis kemur fram að Íslendingar sem búi erlendis séu 40-45 þúsund en gögn frá Þjóðskrá segja að kjósendur erlendis séu í kringum 13.500. Ákveðið að óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvaðan tölurnar séu komnar. Ákveðið að halda athugasemdum til haga og taka til skoðunar við endurskoðun hvers kafla kosningalaga. LHG færir athugasemdir í töfluskjal til að tryggja yfirsýn.

4. Athugasemdir við drög að minnisblaði um hlutverk landskjörstjórnar.

Rætt um drög að minnisblaði um hlutverk landskjörstjórnar. Formaður hittir forseta Alþingis á fundi, m.a. til að ræða þetta mál. Bent á að halda þurfi úrskurðarnefnd kosningamála fyrir utan umræðuna um landskjörstjórn.

5. Önnur mál.

MKH kynnir samantekt sína um fjölda frambjóðenda á listum og um listabókstafi og nöfn framboðslista á kjörseðlum á Norðurlöndum.

Fundið slitið 10:35.